

81

17. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 30. ágúst 1932.

Staflíður c. í 2. tölulið 6. greinar reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir að ferma eða afferma bát við bryggjuna greiðist 6 — sex — krónur, sé báturinn eigi stærri en 5 smálestir, ella greiðist kr. 1,25 fyrir hverja fermda eða affermda smálest.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

82

19. júlí

REGLUGERÐ

fyrir Kennaraskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 63 frá 22. nóvember 1907 um kennaraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð fyrir skólann.

I. KAFLI**Markmið skólans og skipulag.**

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum bæði almenna menntun og sérmenntun í því, sem snertir uppeldi barna og kennslu.

2. gr.

Í skólanum eru þrjár ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI**Um inntöku nemenda í skólann.**

3. gr.

Skólastjóri úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

4. gr.

82

19. júlí

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 18 ára um næstu áramót, en sá fullra 19, sem tekinn er í annan bekk.

Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða geri hann sjálfan óhæfan til kennarastarfa.

Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

5. gr.

Til þess að komast í fyrsta bekk skólans verður nemandi að ganga undir inntökupróf er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þann þroska, sem hér segir:

1. Hann skal vera vel læs á gotneskt letur og latinuletur, hafa numið vandlega ágríp af íslenzkri málfræði, kunna a. m. k. 10 íslenzk kvæði og geta gert grein fyrir efni þeirra, vita nokkur skil á skáldum íslenzkum á síðustu öld og hafa lesið a. m. k. fimm Íslendingasögur svo vel, að hann geti gert grein fyrir aðalefni þeirra. Hann á að geta skrifað með hreinlegri og læsilegri rithönd og sæmilegri stafsetningu og greinarmerkjum stutta ritgerð um kunnugt efni.
2. Hann á að hafa lesið í dönsku a. m. k. 300 bls. af venjulegu léttu máli, vita aðalatriði danskrar beygingarfræði og geta snúið auðveldum setningum af íslenzku á dönsku og hafa gert a. m. k. 15 stíla. Í stað dönsku má gefa upp sænsku og þá samsvarandi mikið.
3. Hann á að hafa lesið í ensku a. m. k. 100 bls. í samfelldu léttu máli, auk byrjunaratriða, og undirstöðuatriði málfræðinnar. Í stað ensku má gefa upp þýzku og þá tilsvorandi mikið.
4. Hann skal hafa lesið og lært í stærðfræði það, sem hér segir: Fjórar höfuðgreinir reiknings með heilum tölum og brotum, hlutfallareikning, félagsreikning, keðjureglu, prósentureikning og rentureikning.
5. Hann skal hafa numið ítarlegt ágríp af biblíusögum.
6. Hann skal hafa numið ítarlegt ágríp af sögu Íslendinga. Í mannkynssögu skal hann hafa lesið vandlega um fornöldina í sæmilega stórrí kennslubók.
7. Í náttúrufræði skal hann hafa lesið vandlega um hryggdýr og almenna grasfræði út að ættum.
8. Hann skal hafa lesið vandlega í landafræði um Ísland og Evrópu og kunna nokkur deili á hinum heimsálfunum og jarðeðlisfræði.

6. gr.

Til þess að verða tekinn í annan bekk verður nemandi að ganga undir próf í því, sem heimtað er til inntöku í fyrsta bekk, og því, sem þar er kennt. Gagnfræðingar með 1. einkunn úr þriggja ára skóla sleppa við próf nema í kristnum fræðum og skólasögu.

7. gr.

82
19. júlí

Inntaka í 3. bekk er ekki leyfð nema sérstakar ástæður þyki til. Til þess að slið undanþága sé veitt, verður nemandi að hafa gengt kennarastarfi að minnsta kosti tvo vetur. Ennfremur verður hann að standast próf inn í 3. bekk með annarsbekkingum.

III. KAFLI

Um kennsluna.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku, Norðurlandamál, ensku eða þýzku, kristinfræði, trúarbragðasögu, uppeldisfræði, kennslufræði, sögu og félagsfræði, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, heilsufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi, skrift, kennsluæfingar.

9. gr.

Skipta skal kennslustundum milli námsgreina sem hér segir:

	I. bekkur	II. bekkur	III. bekkur
Íslenzka	4 st.	5 st.	5 st.
Norðurlandamál	4 —	3 —	„
Enska eða þýzka	4 —	3 —	„
Kristinfræði	2 —	2 —	„
Trúarbragðasaga	„	„	1 —
Uppeldisfræði	1 —	2 —	4 —
Kennslufræði	„	2 —	3 —
Saga og félagsfræði	2 —	2 —	3 —
Landafræði	2 —	1 —	„
Stærðfræði	4 —	3 —	„
Náttúrufræði	4 —	3 —	„
Eðlisfræði og efnafræði	„	„	3 —
Heilsufræði	„	„	1 —
Teiknun	2 —	2 —	2 —
Handavinna	2 —	2 —	2 —
Söngur	3 —	2 —	3 —
Leikfimi	3 —	3 —	3 —
Skrift	1 —	1 —	„
Kennsluæfingar	1 —	3 —	7 —
Samtals	39 st.	39 st.	37 st.

10. gr.

Keppa skal að því marki í hverri námsgrein, sem hér segir:

1. **Íslenzka:** Nemandinn á að kunna rækilega beygingafræði málsins og ítar-

legt yfirlit um hljóðbreytingar, ennfremur ágríp af setningafræði; hann skal vita helztu reglur orðmyndunar, vita um skyldleika orða og uppruna, eftir því sem tók eru á, og kunna aðalatriði bragfræðinnar. Hann á einnig að þekkja aðaldrætti íslenzkrar bókmenntasögu frá fyrstu tímum og fram á vora daga; megináherzlu skal leggja á tímabilið eftir 1800 og á fornöldina. Í skólanum á nemandinn að hafa farið yfir úrval fornra og síðari tíma bókmennta með ítarlegum orða- og efnisskýringum. Til heimalesturs skal hafa a. m. k. eina af stærri Íslendingasögunum og aðalatriði norrænnar goðafræði, auk þess kafla úr síðari tíma bókmenntum eftir því sem tími vinnst til, og sé talað um efnið í kennslustundum.

Í skriflegri íslenzku skal gera þær kröfur, að nemandi kunni sæmilega lögboðna stafsetningu og geti skrifað á hreinu máli og með réttri orðskipun ritgerð um í meðallagi þungt efni.

2. **Norðurlandamál:** Nemandinn á að geta lesið málið með sæmilegum framburði, kunna aðalatriði málfræðinnar og geta snúið á góða íslenzku venjulegu lesnu máli og léttu máli ólesnu. Hann skal einnig geta gert sig sæmilega vel skiljanlegan á málinu, bæði skriflega og munnlega.

3. **Enska eða þýzka:** Nemandinn á að geta lesið málið með sæmilegum framburði, kunna aðalatriði málfræðinnar og geta snúið á góða íslenzku venjulegu lesnu máli. Hann skal einnig geta gert sig sæmilega vel skiljanlegan á málinu.

Eftir því sem föng eru á, skal láta nemendur lesa á útlendum málum með aðstoð kennaranna bækur um uppeldismál og kennslu.

4. **Kristin fræði:** Nemendur skulu hafa yfirlit um bækur bibliunnar, en einkum Nýjatestamentisins, og vita um efni þeirra í aðaldráttum. Í framhaldi af postulasögunni skulu þeir vita höfuðdrætti um útbreiðslu kristindómsins. Þeir skulu hafa farið með skýringum yfir eitt guðspjall með hliðsjón af hinum.

5. **Trúarbragðasaga:** Þeir skulu vita deili á allra helztu mönnum, stefnum og atburðum í sögu kristninnar, og þó einkum á mismunandi trúarskoðunum nútímans innan kristninnar. Í sambandi við það skulu þeir hafa fengið stutt yfirlit um önnur helztu trúarbrögð í heiminum og vita hver er höfuðmunur þeirra og kristinnar trúar.

6. **Uppeldisfræði:** a) Í skólasögu skulu nemendur hafa allrækilegt yfirlit um tilhögun uppeldis og skólamála frá því á dögum Hellena og fram á okkar daga. Þeir skulu hafa kynnt því, hvernig meginstraumar í menntun liggja frá einu tímabili til annars og frá landi til lands. Þeir skulu vita allglögg deili á þeim mönnum, sem mest koma við sögu uppeldismála.

Þeir skulu vita um helztu kenningar uppeldisfræðinnar og merkustu skólahreyfingar nútímans.

Loks skulu þeir hafa numið stutt ágríp af skólasögu Íslands.

b) Nemendur skulu hafa numið nokkurn veginn ítarlegt yfirlit um almenna sálarfræði, með sérstöku tilliti til sálarfræði barna, ásamt uppeldisfræðilegum og kennslufræðilegum ályktunum af helztu niðurstöðum hennar. Jafnframt skulu þeir hafa kynnt höfuðaðferðum tilraunasálarfræðinnar.

82 7. **Kennslufræði:** Samhliða kennsluæfingunum skulu nemendur hafa kynnt 19. júlí kennsluáðferðum og öðru því, er kennslu snertir, svo sem efnisvali og efnis-meðferð eftir þroskastigum barnsins. Þeir skulu hafa numið yfirlit um kennslu-tilhögun í hverri námsgrein, sem kennd er í barnaskólum hér, og hafa kynnt sér helztu gildandi lög um kennslu og skólamál. Þeir skulu hafa kynnt sér helztu prófaðferðir og lært að semja skýrslur og halda bækur þær, sem í skólum tíðkast, og yfirleitt vera vel heima í öllu því, sem við kemur daglegum kennslustörfum.

8. **Saga og félagsfræði:** a) Nemendur skulu hafa numið hæfilega stórt ágríp af almennri mannkynssögu og tamið sér íhugun og skilning á sambandi orsaka og afleiðinga sögunnar. Þeir skulu hafa lagt megináherzlu á menningarsöguna.

b) Nemendur skulu hafa numið rækilegt ágríp af sögu Íslendinga, sérstak-lega valda kafla, aftur má hraðlesa þá kafla, sem minna máli skipta.

c) Nemendur skulu vita deili á helztu stefnum í félagsmálum nútímans og höfuðkenningum hagfræðinnar. Þeir skulu einnig vita um helztu atriði stjórn-skipulags á Íslandi og hafa nokkra þekkingu á löggjöf, landsstjórn og héraðsstjórn.

9. **Landafraði:** Nemendur skulu hafa ljóst yfirlit um landaskipun á jörðinni og aðalatriði landafræðinnar, einkum Íslands og nágrannalandanna. Þeir skulu vera leiknir í að rekja helztu orsakasambönd, er landafræðin fjallar um, þekkja helztu kenningar um eðli sjávar og lofts, vita um helztu auðlindir jarðarinnar, stærstu framleiðslustöðvar og helztu samgönguleiðir. Þeir skulu vera vel leiknir í að nota landabréf og hafa greinilega hugmynd um afstöðu jarðar og nálæg-ustu hnatta í sólkerfinu.

10. **Stærðfræði:** Auk þess, sem heimtað er til inntökuprófs, skulu nemendur hafa lært fyrsta stigs jöfnur með bæði einni og fleiri þekktum stærðum, enn-fremur flatarmáls- og rúmmálsreikning, og auk þess undirstöðuatriði bókstafa-reiknings (algebra) eða flatarmálsfræði (geometri).

11. **Náttúrufræði:** a) Nemendur eiga að þekkja til hlítar öll aðalatriðin í gerð plantna og vera leiknir í að skilgreina íslenzkar blómplöntur eftir Flóru Íslands. Þeir eiga að þekkja gerð og starfsemi plöntusellunnar og lífeðlisfræði plantnanna í aðaldráttum. Þeir skulu þekkja að minnsta kosti 75 tegundir ís-lenzkra plantna og hafa safnað um 50 plöntutegundum og ákvarðað þær rétt.

b) Nemendur eiga að hafa lesið og lært almenna dýrafræði og auk þess kynnt sér helztu atriðin í gerð dýrasellunnar og vefjum dýranna. Ennfremur eiga þeir að þekkja helztu íslenzk hryggdýr og vita um þann bókakost, sem til er á ýmsum málum um íslenzk dýr. Þeir eiga að hafa tileinkað sér skilning á skyldleikakerfi dýranna og sambandinu milli tegundanna og umhverfisins. Loks eiga þeir að hafa kynnt sér megindrög ættgengisfræðinnar og fósturfræðinnar. Í sambandi við þetta skulu þeir hafa lesið líkamsfræði mannsins.

c) Nemendur skulu, eftir því sem tími vinnst til, hafa numið stutt ágríp af jarðfræði og steinafræði.

12. **Eðlisfræði og efnafræði:** Nemendur skulu hafa lært greinilegt ágríp um alla helztu þætti eðlisfræðinnar, þó aðallega um þá þætti hennar, sem mest snerta menningar- og athafnalíf nútímans (svo sem rafmagn). Þeir skulu hafa

numið grundvallaratriði efnafræðinnar, og kynnt einföldustu tilraunum í þessum greinum báðum.

82

19. júlí

13. **Heilsufræði:** Nemendur skulu hafa lesið og lært helztu atriði heilsufræðinnar með hliðsjón af því, sem við kemur hollustuháttum í skólum. Auk þess skulu þeir hafa lært og iðkað að nokkru hjálpi í viðlögum.

14. **Teiknun:** Nemendur skulu hafa lært að teikna eftir flatarmyndum og margflötungum. Auk þess skulu þeir leiknir í að draga upp kritarteikningar á töflu, sem að gagni megi koma við kennslu.

15. **Handavinna:** Nemendur skulu hafa lært og iðkað þá tegund handavinnu, sem hæfust er til kennslu í barnaskólum á hverjum tíma.

16. **Söngur:** Þeir nemendur, sem hafa kennarapróf í söng, verða að geta sungið einföld lög í öllum algengum tóntegundum tónrétt og taktrétt eftir nótum, gert grein fyrir höfuðatriðum almennrar söngfræði og leikið á eitthvert hljóðfæri. Ennfremur skulu þeir geta stjórnað söng og skipað söngfólki í raddir.

17. **Leikfimi:** Þeir nemendur, sem kennarapróf taka í leikfimi, verða að geta leikið fyrir allar venjulegar æfingar, skipað fyrir, leiðrétt aðra og stjórnað þeim, og borið skyn á, hver tilhögun æfinga er hallkvæmust.

18. **Skrift:** Nemendur skulu hafa leikni í að skrifa skýra og læsilega snarhönd með sæmilegum hraða. Ennfremur skulu þeir hafa kynnt helztu skriftaræðferðum, sem að gagni megi koma við skriftarkennslu.

11. gr.

Um kennsluæfingar.

Kennsluæfingar skulu fara fram í sérstökum barnaskóla, þegar þess er kostur. Eigi megi þar vera færri en þrjár deildir, og sé ein þeirra smábarnadeild, en hinar fyrir eldri börn. Sé þess kostur, skal fjölga deildum skólans, unz hann er orðinn fullkominn barnaskóli með öllum ársdeildum. Einn af æfingakennurum Kennaraskólans stjórnar skólanum og æfingunum, og er hann æfingastjóri.

Kennaraefni öll skulu sækja kennsluæfingar bæði í smábarnakennslu og kennslu eldri barna. Skólastjóri og æfingastjóri skipa niður kennslustundum þeim, sem ætlaðar eru til æfinganna. Þeim nemendum, sem þess óska, skal gefinn kostur á að leggja sérstaka stund á smábarnakennslu, en sækja verða þeir samt sem áður $\frac{2}{3}$ þeirra stunda, sem ætlaðar eru til æfinga í eldri deildunum.

Í æfingastundunum skulu nemendur bæði hlusta á kennslu hjá æfingakennurum og einnig kenna sjálfir undir handleiðslu þeirra. Þeir skulu og vandir við að prófa börnin og gera ýmsar athuganir, sem að gagni megi koma við kennslu.

Auk æfingastundanna sjálfra skal hver nemandi þriðja bekkjar kenna og stjórna barnadeild upp á eigin spýtur að minnsta kosti eina stund á dag í hálfan

82 mánuð og skal hann fá til þess leyfi úr skólanum eftir því, sem nauðsyn 19. júlí krefur.

Umsjón með þeirri kennslu hafa æfingakennarar skólans og segja þeir kennaraefnum kost og löst á frammistöðu þeirra.

Ennfremur skal kennaraefnum gefinn kostur á, eftir því sem ástæður frekast leyfa, að heimsækja barnaskóla bæjarins og hlýða þar á kennslu og kynnast skólafélögum yfirleitt.

IV. KAFLI

Um próf og einkunnir.

12. gr.

Í skólanum skulu, auk inntökuprófs, vera árspróf og burtfararpróf, og nefnist það kennarapróf. Munnleg próf skulu vera í heyranda hljóði.

Til prófs skal að jafnaði hafa það, sem lesið hefir verið í hverri grein. Þó geta kennarar með samþykki skólafélögu leyft að sleppa köflum, sem minnstu máli skipta, sérstaklega í þeim greinum, sem prófað hefir verið í áður.

13. gr.

Kennarapróf fer fram í tvennu lagi, fyrri hlutinn við uppflutning úr II. bekk, síðari hlutinn við burtför úr III. bekk.

14. gr.

Til fyrra hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Norðurlandamál.
2. Enska eða þýzka.
3. Mannkynssaga.
4. Landfræði.
5. Stærðfræði.
6. Náttúrufræði.
7. Kristin fræði.
8. Skólasaga.
9. Skrift.

15. gr.

Til síðara hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Íslenska.
2. Trúarbragðasaga.
3. Uppeldisfræði.
4. Kennslufræði.
5. Íslandssaga.
6. Eðlisfræði og efnafræði.

7. Heilsufræði.
8. Teiknun.
9. Handavinna.
10. Söngur.
11. Leikfimi.
12. Kennsluæfingar.

82

19. júlí

16. gr.

Svo skal prófum haga, að í islenzku, dönsku og stærðfræði sé tvöfalt próf, bæði munnlegt og skriflegt, en einfalt í öðrum greinum. Verklegt próf skal vera í teiknun, söng, leikfimi, skrift og kennsluæfingum.

Í handavinnu skal ekkert próf vera, en hannyrðir vetrarins lagðar fram í þess stað.

Í kennslufræði skal vera skriflegt próf og skal því svo háttað: Nemendur velja sér sjálfir ritgerðarefni í samráði við æfingakennarana. Skulu þeir hafa valið sér efni eigi síðar en um nýár. Ritgerðina semja þeir síðan heima, og skal hún vera að minnsta kosti sem svarar 8 bls. prentuðum með venjulegu meginmálsletri í 8 blaða broti. Henni skal skilað eigi síðar en í febrúarlok. Ritgerðir þessar eru eigin skólans, og skulu þær geymdar í bókasafni nemenda.

Í öðrum greinum skal vera annaðhvort munnlegt eða skriflegt próf, og skal um það tekin ályktun á kennarafundi eigi síðar en um miðjan vetur í hverjum greinum prófa skuli munnlega og í hverjum skriflega.

17. gr.

Kennarar skólans prófa, en yfirstjórn skólans kveður til prófdómara til að dæma með þeim um frammistöðu nemenda við kennaraprófið. Prófdómarar velja verkefnið í skriflegu prófi í samráði við hlutaðeigandi kennara. Í munnlegu prófi velja kennarar verkefni í samráði við prófdómara.

18. gr.

Kennarar skulu gefa nemendum tvær vetrareinkunnir hver í sínum kennslugreinum, aðra um miðjan vetur og hina þegar kennslu lýkur að vorinu. Einkunnir þessar skulu birtar nemendum. Meðaltal þeirrar prófseinkunnar, er prófdómandi gefur og kennari, og síðari vetrareinkunnar verður fullnaðareinkunn við prófið í hverri grein fyrir sig.

19. gr.

Í islenzku skal gefa tvær einkunnir, aðra fyrir munnlega, hina fyrir skriflega islenzku. Sömulciðis skal gefa tvær einkunnir fyrir kennslu, aðra fyrir smábarnakennslu, hina fyrir kennslu eldri barna. Í öðrum greinum skal gefa eina einkunn. Í Norðurlandamáli og stærðfræði skal taka meðaltal af einkunn fyrir munnlegt próf og einkunn fyrir skriflegt próf. Í söng og leikfimi skal enga einkunn gefa öðrum en þeim, sem kennarapróf taka í þeim greinum.

82

19. júlí

Einkunnir skal gefa í heilum tölum og hálfum frá 0 og upp í 10. Við sam-
anburð milli prófdómara og kennara og við annan útreikning, svo og við skrif-
leg próf, má einnig nota fjórðungsbrotin 0,25 og 0,75, en fylla skal upp ef smærri
brot koma fyrir. Aðaleinkunn skal finna með því að taka meðaltal af einkunn-
um allra námsgreina, og skulu brot, sem út koma, látin haldast með tveimur
tugastöfum.

Einkunnin 4,50—4,99 telst þriðja einkunn, 5—6,99 önnur einkunn, 7—8,99
fyrsta einkunn og 9—10 ágætiseinkunn.

21. gr.

Til þess að standast inntökupróf og árspróf þarf að minnsta kosti 4,50 í
meðaleinkunn. Til þess að standast kennarapróf þarf meðaleinkunnina 5, og ekki
lægri einkunn en 5 í íslenzku, munnlegri og skriflegri, uppeldisfræði, kennslu-
fræði og kennslu. Enginn stentz próf með 0 í einni grein, ekki heldur með 1 í
fleiri en einni grein, 2 í fleiri en tveimur og 3 í fleiri en þremur greinum. Lág-
marki meðaleinkunna, sem að ofan getur, verður að ná í bóklegum greinum og
verklegum, hvorum fyrir sig.

22. gr.

Heimilt er nemendum að taka upp aftur fyrrihlutapróf í einstökum grein-
um, um leið og þeir taka síðari hlutann, en þó því aðeins, að þeir hafi ekki
fengið hærra en aðra einkunn í þeim greinum.

23. gr.

Nemandi, sem fellur á prófi, fær ekki að taka sama próf upp aftur fyrir
en ári síðar nema sjúkdómi sé um að kenna eða öðrum jafngildum forföllum.
Falli nemandi tvisvar á samskonar prófi, á hann eigi afturkvæmt í skólann.

24. gr.

Hver sá nemandi, sem staðizt hefir kennarapróf, skal fá skirteini, er sýni
aðaleinkunn hans og fullnaðareinkunn í hverri grein.

25. gr.

Stúdentum og kandidötum, sem fullnægja almennum inntökuskilyrðum
skólans, skal heimilt að ná kennaraprófi með þeim kostum er hér greinir: Þeir
skulu sækja tíma einn vetur í uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingum,
kristnum fræðum og heilsufræði. Nú lýkur stúdent eða kandidat prófi í þessum
fræðum að afloknu námi með sama hæfti og nemendur skólans og hefir eigi
lægri einkunnir í námsgreinum Kennaraskólans við stúdentspróf eða kennara-
próf en segir í 21. gr., og telst þá próf hans fullkomið kennarapróf. Heimilt er
einnig stúdentum og kandidötum að sækja kennslu í skólanum í söng, handa-
vinnu og leikfimi og ljúka kennaraprófi í þeim greinum. Kandidatar í guðfræði
eru undanþegnir prófi í kristnum fræðum.

V. KAFLI

Kennarar skólans.

82

19. júlí

26. gr.

Kennarar skólans eru skólastjóri, tveir fastir kennarar, einn fastur aukakennari og aðrir kennarar eftir þörfum. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólans með þeim takmörkum, er þessi reglugerð setur; hefir eftirlit með kennslu, reglu og aga í skólanum, skólahúsi og munum skólans og áhöldum.

27. gr.

Stundakennara setur ráðuneytið eftir tillögum skólastjóra og ákveður kaup þeirra.

28. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

29. gr.

Skólastjóra ber að sjá um, að í skólanum séu þessar bækur og reglulega í þær ritað: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, fundabók og námsskeiðsbók.

30. gr.

Skólastjóri boðar til kennarafundar, er honum þykir þurfa. Á kennarafundi eiga sæti fastir kennarar, en boðað getur skólastjóri einnig stundakennara á fund, einkum ef um störf þeirra er að ræða. Skólastjóri stýrir kennarafundi, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn.

31. gr.

Kennarafundur úrskurðar um uppflutning nemenda úr bekk, bókakaup og áhalda til skólans og burtvísun nemenda úr skóla. Á kennarafundi skal ræða um tilhögun kennslu og prófa, upptöku nýrra bóka, skiptingu námsgreina milli kennara og samvinnu þeirra og veitingu námsstyrks.

32. gr.

Gerðir kennarafundar skal rita í gerðabók, er lesa skal upp og samþykkja á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanna að fá ágreiningsatkvæði sín bókuð.

33. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann, og með kennslu sinni, viðbúð við nemendur og eftirdæmi sínu að leitast við að gera þá sem hæfasta kennara barna og unglinga.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

34. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sakir sjúkleiks eða annara gildra ástæðna, eiga að senda skólastjóra tilkynningu um það, og grenslast hann þá eftir ástæðum, ef honum þykir þörf.

35. gr.

Valdi nemandi skemmdum á áhöldum eða munum skólans, skal hann bæta fullum bótum. Ef fullvist er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemanda í einhverjum ákveðnum bekk og enginn gengst við, skulu nemendur þess bekkjar bæta allir í félagi.

36. gr.

Ef nemandi hegðar sér ósæmilega, sýnir megna vaurækslu eða vist hans í skólanum er skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus honum sjálfum að álitum skólastjóra og kennara, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir, en telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum úr skóla að fullu og öllu, skál til þess leita samþykkis yfirstjórnar skólans. Nemandi, sem vísað hefir verið úr skóla fyrir fullt og allt, getur ekki gengið undir kennarapróf.

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

37. gr.

Skólaárið byrjar 1. okt. og endar 30. sept.

38. gr.

Eigi skulu vera fleiri en 39 kennslustundir á viku í neinum bekk skólans. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en 10 mínútna hlé á milli. Fyrir hvert skólaár semur skólastjóri stundaskrá, er yfirstjórn skólans samþykkir.

39. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin:

1. Fyrsti desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi des. til 2. dags janúarmánaðar að báðum dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.

4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Sumarleyfi, er nær frá 1. degi maímánaðar til 30. dags septembermánaðar. Auk þess má skólastjóri gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum.

82
19. júlí

VIII. KAFLI

Um vornámsskeið.

40. gr.

Vornámsskeið fyrir barnakennara skal halda, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og nægar umsóknir eru fyrir hendi. Námsskeiðið skal standa í mánuð að minnsta kosti. Rétt til aðgangs að því hafa þeir barnakennarar, sem skipaðir hafa verið eða settir að lögum, en veita má skólastjóri einnig öðrum aðgang, ef rúm leyfir.

41. gr.

Skólastjóri stjórnar námsskeiðinu og ræður tillögum þess í samráði við aðra kennara skólans, og skal að því stefnt, að nemendur sækji þangað ekki einungis aukna þekkingu í þeim fræðigreinum, er þeir óska helst og nauðsynlegar má telja fyrir stöðu þeirra, heldur einnig verklega æfingu í kennslustarfinu og nýtt fjör og hressingu eftir vetrarvinnuna.

42. gr.

Fastlaunaðir kennarar skólans hafa kennsluna á hendi svo sem þeir hrökkva til, en leita má aðstoðar annara, ef þurfa þykir og föng eru á.

Yfirstjórn skólans ákveður borgun fyrir aðstoð við námsskeiðið.

43. gr.

Rétt til styrks, ef veittur er, hafa eigi aðrir en löglega ráðnir barnakennarar og því aðeins, að þeir sækji nám kostgæfilega. Við styrkveitingu skal taka hæfilegt tillit til ferðakostnaðar.

44. gr.

Skólastjóri skal auglýsa námsskeiðið eigi síðar en um áramót, og skulu umsóknir um það vera komnar til hans fyrir lok marzmánaðar. Rétt er, að umsækjandi geti þess, ef hann óskar sérstaklega kennslu eða hjálpar í einni eða fleiri kennslugreinum.

Nú eru færri en 10 umsóknir komnar til skólastjóra 1. apríl, og ferst þá námskeið fyrir í það sinn.

45. gr.

Skólastjóri skal halda bók yfir nemendur námsskeiðsins og störf þess.

82

46. gr.

19. júlí

Reglugerð fyrir Kennaraskólann í Reykjavík, frá 24. september 1924, er hér með felld úr gildi og þar með önnur ákvæði, sem brjóta í bág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1934.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 19. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

83

AUGLÝSING

25. júlí

um staðfesting kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um kirkjugarða.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um kirkjugarða er hérmeð staðfest eftirrituð

REGLUGERÐ UM KIRKJUGARÐA

I. Um kirkjugarða almennt.

1. gr.

Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitir fyrir hlutaðeigandi sókn til greftrunar látnum sóknarmönnum og þeim öðrum, sem þar ber að jarða eða hafa óskað sér látnum leg þar. Utan sóknarkirkjugarðs má ekki lík jarða, nema þar sem með leyfi réttra stjórnarvalda hefir verið tekinn upp grafreitir fyrir ákveðinn söfnuð utan þjóðkirkju eða heimagrafreitur fyrir ákveðna fjölskyldu.

2. gr.

Sóknargrafreitir og allir grafreitir aðrir eru friðhelgir, svo og legstaðir þeirra, sem þar eru jarðsettir. Má þar engan hávaða gera eða neitt fara fram innangarðs, sem raskar helgi grafreits og grafarfriði og ótilhlýðilegt er talið á friðhelgum stað.

3. gr.

Vigja skal sóknargrafreiti svo og heimagrafreiti og grafreiti utanþjóðkirkjumannanna, þar sem þeir hafa verið teknir upp, áður en þar er jarðsett í fyrsta sinni, og framkvæmir hlutaðeigandi prestur þá athöfn samkvæmt (tilsettum) reglum löggiltrar helgisiðabókar þjóðkirkjunnar.